



Krishna Janamashtami

Janamashtami hátíðin er haldin til að fagna fæðingu Krishna sem er einn vinsælasti guð hindúatrúar. Krishna sem er jafnt stríðsmaður, hetja, kennari og heimsspekingur er sagður vera ein birtingarmynd guðsins Vishnu sem er einn af þremur yfirguðum hindúa.

Krishna Janamashtami hátíðin stendur í tvo daga og er haldin í Shrāvana mánuði (júlí/ágúst).



Þar sem Krishna er vinsæll og mikilvægur guð hjá hindúum leggja þeir mikla vinnu í undirbúning hátíðarinnar. Margir hindúar fasta fyrri dag hennar og snerta ekki mat fyrr en á miðnætti en þá færast hátíðarhöldin í aukana. Talið er að Krishna hafi fæðst um miðnætti svo þá er stytta af honum

Heimspeki er fræði þar sem miðað er að því að ná skilningi á tilverunni og stöðu mannsins í henni.

Birtingarmynd er ein ákveðin mynd einhvers sem getur haft mismunandi hliðar eða útlit.

Að fasta er að neyta hvorki matar né drykkjar í ákveðinn tíma.

Tilbeiðsla er það að dýrka einhvern, yfirleitt guð, og sýna honum ást sína.

Mantra er bæn, vers eða orð úr hinum vedísku helgiritum sem þulin eru við bænagjörð og hugleiðslu.

böðuð, klædd, lögð í vöggu og tilbeðin. Við dagrenningu mála konur munstur sem vísar í átt að heimilum þeirra. Munstrið líkist fótsporum lítilla barna og tákna komu Krishna inn á heimilin.

Þar sem goðsögurnar segja að Krishna hafi verið sérstaklega hrifinn af mjólkurvörum þá eru bornar fram kræsingar unnar úr mjólkurvörum. Leikin eru leikrit um líf Krishna og fólk dansar og syngur til að hylla guðinn. Farið er með helgar möntrur til að heiðra Krishna. Sumstaðar er pottur fullur af smjöri hengdur hátt upp í loft eða tré og hópar af ungum karlmönnum keppast við að ná pottinum og brjóta hann. Þessi leikur á að minna á grallaralegt eðli hins vinsæla guðs.

Spurningar

1. Hverju er fagnað á Janamashtami?
2. Í hvaða vestrænu mánuðum gæti hátíðin verið haldin?
3. Nefndu nokkur dæmi um mat og kræsingar sem væru líklega á boðstólnum við hátíðarhöldin.
4. Segðu frá einhverjum af hefðunum sem tengjast hátíðinni.